



# Námskrá

Vor 2014



## Námskrá Vorönn 2014

### Útgefandi:

SÍMEY - [www.simey.is](http://www.simey.is)  
Þórsstíg 4 - 600 Akureyri

### Ábyrgðarmaður:

Erla Björg Guðmundsdóttir

### Prentvinnsla:

Ásprent - [www.asprent.is](http://www.asprent.is)

### Hönnun:

Geimstofan

## Yfirlit

### Dalvík - Fjallabyggð

#### Bls.

4. Menntastoðir dreifnám
4. Félagssliðabréf Dalvík
5. Færni í ferðabjónustu II
5. Spænska
5. IPAD - Til gagns og gamans
5. Ljósmyndanámskeið
6. Námskeið fyrir hreindýraveiðimenn
6. Hnífasmiði

### Akureyri

7. Menntastoðir dagnám
7. Grunnmenntaskólinn for foreigners
7. Íslenska fyrir útlendinga
7. Icelandic for foreigners
8. Sölu-, markað-, og rekstrarnám
8. Skrifstofuskólinn dagnám
9. Opin smíðja í málsuðu -TIC suða
9. Ítalska fyrir byrjendur
9. Heilsudrykkjarnámskeið
10. Talnámskeið í ensku fyrir karla
10. Talnámskeið í ensku fyrir konur
10. Námskeið fyrir hreindýraveiðimenn
10. Bændur sigra tölvupóstinn
11. Excel fyrir bændur
11. Byrjendanámskeið í tölvuleikjaforritun 7-13 ára
11. Rússneska
11. Verkefnastjórnun
12. Íþróttasálfræði - Hagnýtar aðferðir til að hámarka árangur
12. Draumar - Auður svefnins
12. Saga og smökkun viskí með Snorra Guð
13. Raunfærnimat - leikskólaliða og stuðningsfulltrúabréf
14. Leiðtogastjórnun
14. Menntastoðir dreifnám
15. Tölvunámskeið fyrir byrjendur
15. Þjálfaraverkstæði
15. Námskeið um fíknisjúkdóma, íhlutun/inngríp og meðvirkni

#### Bls.

17. Að takast á við einstaklinga í erfiðum aðstæðum; jákvæð samskipti og samtalstækni
17. HELP - Nýjung í enskukennslu fyrir lesblinda
17. Skrautskrift og tertuskreytingar
18. ScetchUp
18. Norska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
18. Heimili og hönnun
18. Hráfæði
20. Raunfærnimat í iðngreinum
21. Sykurmassanámskeið
21. IPAD - til gagns og gamans
21. BIM fyrir byggingamenn
21. Náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum
22. AutoCAD Electrical 2014 Essentials - grunnur
22. Fornám í forritun í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann
22. Norska - framhald
23. Markviss þarfagreining
23. Inventor 2014
24. Raunfærnimat í skrifstofugreinum
25. Stutt starfstengd námskeið í boði fyrir fyrirtæki

### Fjölmennt

27. Heimilisfræði
27. Íþróttir og sund
27. Tónlist og tjáning
28. Mynd- og handlist
28. Tölvu- og upplýsingatækni
29. Ýmis námskeið
29. Mál og samfélag

## Ágæti Eyfirðingur,

Þetta er námskrá vorannar 2014. Hún er afrakstur heilmikillar hugmyndavinnu og er ætlað að gefa íbúum svæðisins nokkra yfirsýn yfir þá símenntun sem hér er í boði en jafnframt má finna upplýsingar um öll námskeið á vegum SÍMEY á heimasíðunni: [www.simey.is](http://www.simey.is)

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar sem á kunna að verða og að næg þátttaka náist. Flest námskeiðanna miðast við átta manna lágmarkspáttöku og 15-20 manna hámarksþáttöku.

Verð á námskeiðunum kemur fram í hverri námskeiðslýsingu og gert er ráð fyrir að námskeiðsgjaldið sé greitt í fyrsta tíma nema annað sé tekið fram.

Það er von okkar hjá miðstöðinni að allir muni geta fundið eitthvað við sitt hæfi en ef svo vill til að draumanámskeiðið ykkar er ekki að finna í þessari námskrá hvetjum við ykkur eindregið til að hafa samband við okkur því við erum alltaf að leita að góðum hugmyndum.

### Náms- og starfsráðgjöf

Fyrir þá sem hafa áhuga á að efla sig með frekara námi, en eru kannski ekki vissir um hvar sé best að byrja, bendum við á þjónustu náms- og starfsráðgjafa miðstöðvarinnar. Allir geta pantað viðtal sér að kostnaðarlausu og fengið aðstoð við að fóta sig og ákveða næstu skref.

Með bestu kveðjum og von um kröftuga þáttöku í símenntun.

*Erla Björg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri SÍMEY*

PS: Ekki gleyma að kanna möguleikana á styrkjum hjá stéttarfélögum ykkar og fræðslusjóðum!

## Starfsmenn SÍMEY



*Erla Björg  
Guðmundsdóttir  
Framkvæmdastjóri*



*Kristjana  
Friðriksdóttir  
Ritari*



*Sigrún  
Björnsdóttir  
Bókari*



*H. Betty  
Kristjánsdóttir  
Náms- og starfsráðgjafi  
og verkefnastjóri*



*Sólveig  
Guðmundsdóttir  
Ritari*



*Helgi Þ.  
Svavarsson  
Ráðgjafi, verkefna og  
gæðastjóri*



*Valgeir  
Magnússon  
Náms- og starfsráðgjafi  
og verkefnastjóri*



*Helgi Kristinsson  
Húsumsjón*



*Emil Bjarkarbjörnsson.  
Náms- og starfsráðgjafi  
og verkefnastjóri á  
Dalvík*



*Arnþráður  
Eik Helgadóttir  
Verkefnastjóri  
Fjölmenntar*



*Kristín B.  
Gunnarsdóttir  
Verkefnastjóri og  
ráðgjafi*



*Heimir Haraldsson  
Náms- og starfsráðgjafi  
og verkefnastjóri*

## Menntastoðir dreifnám

Menntastoðir er tilvalin námsleið fyrir þá sem vilja hefja nám á ný og ná sér í grunnfögin í framhaldsskóla. Markmið Menntastoða er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur læri að læra, efli sjálfstraust sitt og lífsleikni.

**Lengd: 440 klst.**

**Námsþættir:** Lífsleikni 102 og 201, Námsækni 102, Upplýsingatækni 103, Íslenska 103 og 203, Stærðfræði 102, 122 og 262, Danska 102, Enska 103 og 203.

**Kennsluhættir:** Kennsluhættir Menntastoða miða við þarfir fullorðinna nemenda og leitast er við að veita nemendum góða þjónustu. Þannig skipa sjálfsefning, námstækni og hópefli stóran þátt í skólstarfinu. Hluti kennslu í Menntastoðum byggist á tölvum og því kostur að nemendur hafi aðgang að tölvu á námstímanum. Námið er metið sem 50 einingar inn í Háskólabróu Keilis. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að framhaldsskólar geti metið Menntastoðir til eininga hjá sér.

**Kennarar:** Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

**Hvar:** Námsverið á Dalvík og Ólafsfirði

**Hvenær:** Þriðjudagar frá kl. 16:30 - 21:00 og eina helgi í mánuði. Hefst 4. feb., stendur í þrjár annir og lýkur í maí 2015

**Verð: 81.000 kr.**

## Félagsliðabréu Dalvík

Nám og kennsla á Félagsliðabréu fer fram seinnipart dags. Námið er skipulagt fyrir einstaklinga sem eru orðnir 22ja ára og hafa a.m.k. 3ja ára starfsreynslu af viðeigandi starfs sviði. Að auki þurfa þeir að hafa lokið starfstengdum námskeiðum á vegum stéttarfélaga, sveitarfélaga eða annarra aðila sem sjá um námskeiðahald. Umfang námskeiða þarf að vera 220-230 stundir og skal það teljast jafngilda um 17 einingum af sérgreinum félagsliðabrautar. Formlegt nám við framhaldsskóla er metið í samræmi við ákvæði aðalnámskrár framhaldsskóla sé það sambærilegt við það nám sem er í boði á brúnni. Innihald námsins er félags-, sál- og uppeldisfræðigreinar sem og sérgreinar á sviði fötlunar og öldrunarþjónustu. Sérhæfingin er sjö einingar á hvoru sviði og geta nemendur tekið bæði sviðin ef þeir kjósa. Nemendur sem ljúka Félagsliðabréu hljóta starfsheitið félagsliði.

**Námsþættir:** Aðstoð og umönnun 104, Félagsfræði 103, Félagsleg virkni 102, Fjölskyldan og félagsleg þjónusta 103, Heilbrigðisfræði 103, Lyfjafræði fyrir félagsliða 113, Næringarfræði 103, Sálfræði 203, Skyndihjálpi 101

**Valgreinar:** Öldrunarferli 103 og 202, Samfélagsþjónusta aldraðra 102 eða Fötlun 103, Fötlun og samfélag 104

**Kennarar:** Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

**Hvar:** Námsverið á Dalvík og Ólafsfirði

**Hvenær:** Félagsliðabréu er kennd á miðvikudögum frá kl. 17:00 - 21:00 og einstaka föstudaga. Námið hefst 12. febrúar og stendur í fjórar annir

**Verð: 22.500 kr. Önnin**

### Færni í ferðapjónustu II

Námið er 100 kennslustunda nám sem meta má til allt að 9 eininga. Það er ætlað þeim sem starfa í ferðapjónustu, eru 20 ára og eldri og hafa ekki lokið framhaldsskóla.

Á vorönn 2014 er stefnt að því að bjóða upp á þetta nám sérsniðið að þörfum ferðapjónustu við utanverðan Eyjafjörð.

Sjá: <http://frae.is/namsskrar/>

Áhugsamir hafið samband við Emil Björnsson hjá SÍMEY, [emil@simey.is](mailto:emil@simey.is), sími 894 1838.

**Verð: 19.000 kr.**

### IPAD – til gagns og gamans

Á námskeiðinu verður farið yfir iPadinn, virkni takka og hnappa, helstu stillingar og aðgerðir. Einnig verður nýja IOS7 stýrikerfið aðeins skoðað. Þátttakendur koma með sinn eigin iPad.

**Lengd:** 6 klst.

**Kennari:** Vilberg Helgason

**Hvenær:** Siglufjörður mánudagana 31. mars

og 7. apríl, kl. 17:00-20:00

Dalvík fimmtudagana 2. og 9. apríl, kl. 17:00-20:00

**Verð: 13.500 kr.**

### Spænska á Dalvík

Námskeið ætlað þeim sem vilja ná undirstöðu í spænsku. Á námskeiðinu er lögð jöfn áhersla á ritun, lestur, hlustun og talæfingar. Megináhersla námskeiðsins er á samræður í daglegu lífi, að skilja og gera sig skiljanlegan. Skemmtilegir tímar sem gefa innsýn í menningu spænskumælandi þjóða. Stuðst verður við fjölbreytilegt námsefni kennarans. Möguleiki er á framhaldsnámskeiði næsta haust.

**Lengd:** 16 klst.

**Kennari:** Berglind Rós Karlsdóttir

**Hvar:** Námsverið á Dalvík

**Hvenær:** Mánudagar og miðvikudagar 17. mars til 9. apríl, kl. 19:00 og 21:30

**Verð: 31.000 kr.**

### Ljósmyndanámskeið

Á námskeiðinu verður farið yfir grunnþætti í ljósmyndun og kennt verður á helstu stillingar myndavélarinnar. Verkefni verða sett fyrir og þátttakendur taka myndir milli tíma. Verkefni hvers og eins verða yfirfarin og skoðað hvað er vel gert og hvað hefði betur mátt fara. Farið verður í grunnvinnslu á myndum, geymslu mynda, stærðir og fleira sem við kemur notkun mynda við ýmis tækifæri. Stutt kynning á helstu myndvinnsluforritum, kostum þeirra og göllum.

**Lengd:** 9 klst.

**Kennari:** Sigurgeir Birgisson

**Hvar:** Námsverið á Dalvík

**Hvenær:** Miðvikudagar 12., 19. og 26. mars, kl. 19:00-22:00

**Verð: 16.500 kr.**

### Námskeið fyrir hreindýraveiðimenn

Námskeiðið er fyrir veiðimenn hreindýra þar sem farið er í undirbúning veiðiferðar, veiðisvæði kynnt, aðferð við veiðar, vistfræði, hornamælingar, bráðin og meðferð hennar.

**Lengd:** 3 klst.

**Kennari:** Emil Björnsson

**Hvar:** Ólafsfjörður

**Hvenær:** Fimmtudagur 6. feb. kl. 19:00-22:00

**Verð:** 4.000 kr.

### Hnífasmíði

Á námskeiðinu verður þátttakendum kennt að smíða hnífa. Fyrri daginn er hnífurinn mótaður og límdur saman og fyrirlestur haldinn um hnífasmíði. Seinni daginn er hnífurinn fínsmíðaður og brýning kennd. Innifalið í verði námskeiðsins er handsmíðað hnífssblað og efni í skefti.

**Lengd:** 10 klst.

**Kennari:** Jóhann Vilhjálmsson

**Hvar:** Námsverið á Dalvík

**Hvenær:** Laugardag 15. feb. og sunnudag 16. feb., kl. 10:00-15:00

**Verð:** 30.000 kr.

# Menntun skapar tækifæri

*- kynntu þér möguleikana*

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni

Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins

Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum



## Menntastoðir dagnám

Menntastoðir er tilvalin námsleið fyrir þá sem vilja hefja nám á ný og ná sér í grunnfögin í framhaldsskóla. Markmið Menntastoða er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni.

**Lengd:** 440 klst.

**Námsþættir:** Lífsleikni 102 og 201, Námstækni 102, Upplýsingatækni 103, Íslenska 103 og 203, Stærðfræði 102, 122 og 262, Danska 102, Enska 103 og 203.

**Kennsluhættir:** Kennsluhættir Menntastoða miðast við þarfir fullorðinna nemenda og leitast er við að veita nemendum góða þjónustu. Þannig skipa sjálfsefning, námstækni og hópefli stóran þátt í skólastarfinu. Námið er metið sem 50 einingar inn í Háskólabrú Keilis. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að framhaldsskólar geti metið Menntastoðir til eininga hjá sér.

**Kennarar:** Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Alla virka daga kl. 08:30-16:00.  
Hefst 13. janúar og lýkur í maí 2014

**Verð:** 81.000 kr.

## Íslenska fyrir útlendinga

SÍMEY býður upp á fjölbreytt námskeið í íslensku fyrir útlendinga á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð. Um er að ræða byrjendanámskeið ásamt nokkrum stigum af framhaldsnámskeiðum. SÍMEY býður einnig upp á starfstengda íslensku fyrir erlent starfsfólk fyrirtækja.

Frekari upplýsingar [www.simey.is](http://www.simey.is), [kristin@simey.is](mailto:kristin@simey.is) eða í síma 460-5720.

## Grunnmenntaskólinn for foreigners

Grunnmenntaskólinn er 200 klukkustunda löng námsleið þar sem er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Lokamarkmið námsins eru að námsmaður þekki leiðir sem henta honum til náms, hafi prófað þær aðferðir og leyst þau verkefni sem lögð eru fyrir í náminu.

**Námsþættir:** Lífsleikni, enska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni, íslenska o.fl.

**Lengd:** 200 klst.

**Námsmat:** Engin próf eru tekin en námsmat fer fram með verkefnavinnu, æfingum og símati. Einstaklingsmiðuð kennsla.

**Kennarar:** Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Kennt alla virka daga frá kl. 9:00 - 12:00.  
Námið hefst í byrjun febrúar og lýkur í maí 2014

**Verð:** 57.000 kr.

## Icelandic for foreigners

SÍMEY offers a wide range of Icelandic courses for foreigners in Akureyri, Dalvík and in Fjallabyggð, both at beginners level and several at advanced levels. In addition SÍMEY also offers job related Icelandic courses for foreign employees of local companies. Note: Most unions offer refund (partly) on the course fee upon proof of payment and a diploma.

Further information [www.simey.is](http://www.simey.is), [kristin@simey.is](mailto:kristin@simey.is) or call 460-5720.

## Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám er sérstaklega hagnýtt og hnitmiðað nám fyrir þá sem vilja styrkja eigin rekstur eða þá sem hafa í hyggju að stofna til eigin reksturs. Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlana, kynna hvert hlutverk sölumannsins er, markaðsfræði með áherslu á vefinn og samfélagsmiðla, markaðsrannsóknir, samskipti við viðskiptavini, gerð sölu og markaðsáætlana, gerð kynningarefnis o.fl.

Námsaðferðir eru aðallega byggðar á hagnýtum viðfangsefnum tengdum almennum sölu- og markaðsstörfum.

**Lengd:** 273 klst.

**Helstu námsþættir:** Námstækni, markmiðasetning og tímastjórnun, tölvu og upplýsingatækni, sölutækni, viðskiptatengsl og þjónusta, verslunarreikningur, almenn markaðsfræði, samskipti, sjálfstraust, framsögn og framkoma, markaðsrannsóknir, Excel við áætlanagerð, markaðssetning á samfélagsmiðlum, stafræn markaðsfræði, lykiltölur, lausafé og áætlanagerð, samningatækni, frumkvöðlafræði og fyrirtækjasmíðja, stofnun fyrirtækja, verkefnastjórnun, gerð kynningarefnis og gerð viðskiptaáætlana.

**Markhópur:** Ætlað þeim sem hafa stutta formlega skólagöngu að baki og vilja vinna við sölu- og markaðsstörf eða stofna til eigin reksturs.

**Kennari:** Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Kennt þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17:00-21:00. Námið hefst 13. janúar

**Verð:** 76.000 kr.

## Skrifstofuskólinn dagnám

Skrifstofuskólinn er ætlaður þeim sem vinna eða hafa áhuga á vinnu við almenn skrifstofustörf. Tilgangur námsleiðarinnar er að auka sjálfstraust námsmanna til að takast á við almenn skrifstofustörf og stuðla að jákvæðu viðhorfi þeirra til áframhaldandi náms. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námsaðferðir eru aðallega byggðar á hagnýtum viðfangsefnum sem auðvelt er að yfirfæra á almenn skrifstofustörf.

**Lengd:** 150 klst.


**Helstu námsþættir:** Sjálfsstyrking, námstækni, verslunarreikningur, nemendadagbók, markaðssetning, þjónusta, handfært bókhald, tölvubókhald, lokaverkefni, færnimappa og ferilsskrá og tölvu- og upplýsingaleikni.

**Kennarar:** Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Skrifstofuskólinn er kenndur alla virka daga frá kl. 9:00-12:00. Hefst 27. janúar

**Verð:** 46.000 kr.



# KJÖLUR

Stéttarfélag starfsmanna  
í almannaðþjónustu



## Opin smiðja í málmsuðu – TIG suða

SÍMEY býður upp á námskeið í málmsuðu. Nemandi sem hefur lokið smiðju í málmsuðu er fær um að sjóða samkvæmt verklýsingum og hefur þekkingu til að vinna sjálfstætt eftir suðuferirlýsingu. Einnig öðlast hann nægilega færni, leikni og öryggi í vinnubrögðum til að hann sé gjaldgengur á vinnumarkaði. Námskeiðið er byggt upp á fyrirlestrarformi og verklegri vinnu en auk þessa þurfa þátttakendur að halda verkdagbók á meðan á námskeiði stendur. Miðað er við að bókleg kennsla nemi að lágmarki 13 klukkustundum af 80 klukkustunda heildarnámstíma smiðjunnar.

**Lengd:** 80 klst.

**Námsmarkmið:** Að þátttakendur nái tókum á TIG suðu samkvæmt verklýsingum.

**Kennari:** Kristján Kristinsson og Stefán Finnbogason

**Hvar:** Verkmenntaskólanum á Akureyri.

**Hvenær:** Kennst er á þriðjudögum og fimmtudögum, 28.jan. til 13. mars, kl. 16:30-20:30 og á laugardögum kl. 09:00-13:00

**Verð:** 28.000 kr.

## Ítalska fyrir byrjendur

Á námskeiðinu verður farið í undirstöðuatriði ítalskrar tungu. Lögð verður áhersla á framburð og grunn orðaforða. Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta myndað einfaldar setningar á ítölsku, skilið beygingar reglulegra sagna og rétta notkun fornafna.

**Lengd:** 16 klst.

**Kennari:** Danilele Basini

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Kennst verður einu sinni í viku. Hefst vikuna 3.- 7. febrúar

**Verð:** 29.500 kr.

## Heilsudrykkjanámskeið

Á námskeiðinu verður farið yfir það hvernig við útbúum bragðgóða, holla og umfram allt næringarríka heilsudrykki auk þess sem farið verður yfir helstu hráefnin sem notuð eru við drykkjagerðina og virkni þeirra í líkamanum. Þátttakendur fá sjálfir að útbúa nokkrar tegundir af heilsudrykkjum auk þess að búa til grænna grunn til að taka með sér heim.

**Lengd:** 3 klst.

**Kennari:** Hildur Halldórsdóttir höfundur bókarinnar Heilsudrykkir Hildar.

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudagur 30. janúar, kl. 17:00-20:00

**Verð:** 7.500 kr.

## Talnámskeið í ensku fyrir karla

Ert þú feiminn við að tala ensku fyrir framan aðra? Skelltu þér á enskunámskeið með körlum, sem eru í sömu sporum. Í lok námskeiðs hefur þú aukið sjálfstraust til samskipta á ensku. Námskeiðið er byggt upp á líflegan hátt þar sem áhersla er lögð á að læra ensku í gegnum spjall, hlustun og raunverulegar aðstæður.

**Lengd:** 16 klst.

**Námsmarkmið:** Að þátttakendur öðlist sjálfstraust til að tala ensku

**Kennari:** Margrét Reynisdóttir

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Miðvikudagar frá 5. feb. - 26. mars, kl. 20:00-22:00

Margrét gefur nánari upplýsingar um námskeiðið í síma 894-9881 eða í [morehf@gmail.com](mailto:morehf@gmail.com)

**Verð: 29.500 kr.**

## Námskeið fyrir hreindýraveiðimenn

Námskeiðið er fyrir veiðimenn hreindýra þar sem farið er í undirbúning veiðiferðar, veiðisvæði kyn nt, aðferð við veiðar, vistfræði, hornamælingar, bráðin og meðferð hennar.

**Lengd:** 3 klst.

**Kennari:** Emil Björnsson

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudagur 4. feb. kl. 19:00-22:00

**Verð: 4.000 kr.**

## Talnámskeið í ensku fyrir konur

Ert þú feimin við að tala ensku fyrir framan aðra? Skelltu þér á enskunámskeið með konum, sem eru í sömu sporum. Í lok námskeiðs hefur þú aukið sjálfstraust til samskipta á ensku. Námskeiðið er byggt upp á líflegan hátt þar sem áhersla er lögð á að læra ensku í gegnum spjall, hlustun og raunverulegar aðstæður.

**Lengd:** 16 klst.

**Kennari:** Margrét Reynisdóttir

**Hvar:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudagur 4. feb. til 25. mars, kl. 17:00-19:00

Margrét gefur nánari upplýsingar um námskeiðið í síma 894-9881 eða í [morehf@gmail.com](mailto:morehf@gmail.com)

**Verð: 29.500 kr.**

## Bændur sigra tölvupóstinn

Námskeið sem beint er sérstaklega til bænda sem vilja auka þekkingu sína á notkunarmöguleikum tölvupóstsins. Á námskeiðinu læra þátttakendur að stjórna tölvupóstinum sínum, skipuleggja og nýta hann til verkefnastjórnunar.

**Lengd:** 4 klst.

**Kennari:** Vilberg Helgason

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudaga 6. feb. til 6. mars, kl. 13:00 - 15:00

**Verð: 10.000 kr.**

## Byrjendanámskeið í tölvuleikjaforritun 7-13 ára

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur fái kynningu á undirstöðuatriðum forritunar með ómeðvituðum lærdóm í gegnum leik. Notast verður við hugarkort og söguborð við hönnun tölvuleikja auk þess sem þrívíða forritunarumhverfið Alice verður notað við gerð leikjanna. Tölvuhrekkir verða einnig teknir fyrir og læra þátttakendur að forrita nokkra meinlausa hrekki. Við kennsluna verður notast við Skema aðferðafræðina sem studd er af rannsóknnum á sviði sálfræði, kennslufræði og tölvunarfræði.

**Lengd:** 12,5 klst.

**Kennari:** Helena Sigurðardóttir

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudagar 4. feb. til 8. apríl, kl. 15:00-16:15

**Verð:** 25.700 kr

## Excel fyrir bændur

Námskeið sem beint er sérstaklega til bænda sem hafa litla reynslu af Excel. Farið verður í grundvallaratriði við meðhöndlun talna og útreikning, algeng föll sem einfalda útreikninga og notkun lista sem gagnagrunn í Excel. Einnig farið í mótun útlits skjala, en áherslur á námskeiðinu taka mið af óskum og þörfum þátttakenda.

**Lengd:** 10 klst.

**Kennari:** Helgi Kristinsson

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Miðvikudaga 5. til 26. febrúar, kl. 13:00-15:00

**Verð:** 16.500 kr.

## Rússneska

Á námskeiðinu verður farið í gegnum rússnesku stafagerðina og framburð á henni auk kynningar á málfræði og menningu Rússlands. Nemendur munu læra að segja nokkrar einfaldar setningar sem gætu komið að góðum notum við heimsókn til Rússlands.

**Lengd:** 16 klst.

**Námsmarkmið:** Nemendur geti bjargað sér á einfaldan hátt í samskiptum á rússnesku.

**Kennari:** Ania Litvintseva

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudaga 4. febrúar til 25. mars, frá kl. 19:00-21:00

**Verð:** 29.500 kr.

## Verkefnastjórnun

Grunnnámskeið í verkefnastjórnun, sem hentar fyrir alla sem taka þátt í verkefnum, stýra verkefnum eða vilja auka þekkingu sína á skipulögðum vinnubrögðum. Á námskeiðinu er fjallað um verkefni almennt og stjórnun þeirra frá upphafi til verkloka. Mikil áhersla lögð á undirbúning og áætlanagerð. Þátttakendur fá þjálfun í að skilgreina verk og raða verkum, verkhlutum eða áföngum í skynsamlega tímaröð. Að námskeiðinu loknu eiga þátttakendur að þekkja til grunnatriða í verkefnastjórnun og eiga auðveldara með að takast á við fjölbreytt verkefni.

**Lengd:** 9 klst.

**Kennari:** Sigurður Steingrímsson

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudaga 6. 13. og 20. febrúar, kl. 16:00-19:00

**Verð:** 16.500 kr.

## Íþróttasálfræði - Hagnýtar aðferðir til að hámarka árangur

Á námskeiðinu, sem ætlað er íþróttfræðingum, sálfræðingum, þjálfurum og öðrum áhugasömum, verður farið yfir helstu grunnatriði íþróttasálfræðinnar. Fjallað verður um kenningar í íþróttasálfræði og hvernig þeir sem starfa með íþróttamönnum geta nýtt þær kenningar til að bæta árangur. Lögð verður áhersla á hugarþjálfun og skynmyndir, einbeitingu í íþróttum, markmiðssetningu íþróttamanna, sjálfstraust, kvíða og spennustig, endurgjöf og samstöðu í íþróttum.

**Lengd:** 5 klst.

**Kennari:** Hafrún Kristjánsdóttir

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudagur 6. feb. kl. 10:00-16:00

**Verð:** 11.500 kr.

## Draumar – Auður svefnisins

Draumarnir hafa verið hluti af lífi manneskjunnar frá fyrstu tíð. Þetta námskeið er kynning á hlutverki og eðli drauma og gefin er innsýn í hvernig vinna má með drauma til að öðlast aukna sjálfsþekkingu, lífsfyllingu og þroska. Kynntar verða nokkrar helstu kenningar um drauma. Þátttakendur læra einfaldar aðferðir sem geta nýst vel til að muna, rifja upp og rýna í eigin drauma og annarra, bæði í einrúmi og í hópi.

**Lengd:** 6 klst.

**Kennari:** Valgerður H. Bjarnadóttir

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Laugardaginn 8. feb. kl. 10:00-14:00 og mánudaginn 10. febrúar kl. 20:00-22:00

**Verð:** 11.500 kr.

## Saga og smökkun vískí með Snorra Guð

Veistu hvað þú ert að drekka? Þekkir þú söguna? Er vískíið gullið eða rafgullið. Er það Highland eða Lowland? Hvað er Speyside og Islay?

Á námskeiðinu verður farið í söguna, upphaf vískíframléiðslu og þróun til dagsins í dag. Lönd og svæði með áherslu á Skotland og smökkun mismunandi tegunda.

**Lengd:** 3 klst.

**Kennari:** Snorri Guðvarðsson

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudagur 13. febrúar kl. 19:30-22:30

**Verð:** 5.000 kr.

## Raunfærnimat – Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré

Hefur þú unnið í leikskóla eða grunnskóla í 5 ár eða lengur? Ertu orðin/n 25 ára? Hefur þú ekki lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi?

**Pantaðu viðtal við náms- og starfsráðgjafa hjá SÍMEY þér að kostnaðarlausu í síma 460-5720 eða senda tölvupóst til [betty@simey.is](mailto:betty@simey.is). Hámark 10 þátttakendur. Skráningu lýkur 1. apríl.**

Í raunfærnimati fyrir starfsmenn leikskóla og grunnskóla er lagt mat á reynslu og þekkingu í samanburði við námskrá leikskólaliða og stuðningsfulltrúa.

Hvað er Raunfærnimat? Raunfærnimat gengur út á kortleggja færni sína og auka möguleika til að bæta við sig í námi eða annarri uppbyggingu.

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré er hagnýtt nám sem miðar að því að styrkja starfsmenn við umönnun, uppeldi og /eða menntun barna á leikskóla- og grunnskólaaldri. Nemendur útskrifast sem leikskólaliðar og stuðningsfulltrúar.

Þátttakendur í raunfærnimati fá staðfestingu á matinu og þeim, sem þess óska, er boðið að taka áfanga sem upp á vantar til að ljúka námsleiðinni. Matið getur leitt til styttingar náms á Leikskólaliðabré eða stuðningsfulltrúabré hjá SÍMEY.

*Raunfærnimat er þér að kostnaðarlausu.*

## Þín leið til fræðslu

Ríkismennt styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni

Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna

Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



## Leiðtogastjórnun

Tilgangur leiðtogastjórnunar er að dýpka þekkingu og auka stjórnunarhæfni lykilmanna. Um er að ræða heildstætt ferli þar sem mismunandi greiningartól eru notuð til að fá skýra mynd af lykilmönnunum, þeim annmörkum sem halda aftur af þeim og hvernig þeir geta nýtt styrkleika sína til að auka árangur, bæði hjá sjálfum sér og þeim sem þeir leiða.

Námskeið í leiðtogastjórnun er margþætt. Viðamikil greining er gerð á hverjum og einum og svo læra lykilmenn hvernig þeir geta tileinkað sér hæfnipætti markþjálfunar til að verða betri stjórnendur, auka trúverðugleika, bæta verk- og valddreifingu, auka afköst sín og bæta upplýsingaflæði, samskipti og samvinnu á vinnustaðnum.

**Lengd:** 20 klst.

**Kennarar:** Ingvar Jónsson og Matti Ósvald, sérfræðingar á vegum Profectus

**Hvenær:** Þriðjudagar 18. feb. til 18. mars, kl. 13:30 - 17:30

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

Frekari upplýsingar:  
[www.simey.is](http://www.simey.is)  
[www.profectus.is](http://www.profectus.is)

**Verð:** 189.000 kr.

## Menntastoðir dreifnám

Menntastoðir er tilvalin námsleið fyrir þá sem vilja hefja nám á ný og ná sér í grunnfögin í framhaldsskóla. Markmið Menntastoða er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni.

**Lengd:** 440 klst.

**Námsþættir:** Lífsleikni 102 og 201, Námstækni 102, Upplýsingatækni 103, Íslenska 103 og 203, Stærðfræði 102, 122 og 262, Danska 102, Enska 103 og 203.

**Kennsluhættir:** Kennsluhættir Menntastoða miða við þarfir fullorðinna nemenda og leitast er við að veita nemendum góða þjónustu. Þannig skipa sjálfsefning, námstækni og hópefli stóran þátt í skólasterfinu. Hluti kennslu í Menntastoðum byggist á tölvum og því kostur að nemendur hafi aðgang að tölvu á námstímanum. Námið er metið sem 50 einingar inn í Háskólabrú Keilis. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að framhaldsskólar geti metið Menntastoðir til eininga hjá sér.

**Námsmat:** Símat og próf

**Kennarar:** Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudagar frá kl. 16:30 - 21:00 og eina helgi í mánuði. Hefst 11. febrúar og stendur í þrjár annir.

**Verð:** 81.000 kr.

## Tölvunámskeið fyrir byrjendur

Námskeið fyrir þá sem vilja kynnast hinum ýmsu möguleikum tölvunnar. Á þessu námskeiði verður farið yfir möguleika Internetsins og ýmsir gagnlegir og skemmtilegir vefir skoðaðir. Kennt verður hvernig leita má að upplýsingum á netinu. Jafnhliða verður farið yfir undirstöðuatriði í uppsetningu texta í ritvinnslu. Mismunandi möguleikar á útprentun af netinu kenndir.

**Lengd:** 12 klst.

**Námsmarkmið:** Læra á tölvu frá grunni

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Helgi Kristinsson

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Miðvikudaga 19., 26. febrúar og 5. mars, kl.17:00-20:00.

**Verð:** 26.900 kr.

## Þjálfaraverkstæði

Þjálfaraverkstæðið er hagnýtt nám fyrir fólk sem kennir eða vill kenna fullorðnum, hvort sem er í kennslustofu, á verkstæði, í vinnunni, félagasamtökum eða jafnvel á vefnum. Áhersla verkstæðanna er á það sem þú gerir til að ná árangri. Markmið verkstæðisins er að þátttakendur verði færir um að skipuleggja og/eða halda árangursrík og skemmtileg námskeið fyrir fullorðna námsmenn í ýmsum aðstæðum. Þátttakendur kynnast helstu atriðum sem tengjast námi fullorðinna og læra aðferðir sem gagnast vel til að hjálpa þeim við að tileinka sér námsefnið. Þjálfaraverkstæðið er byggt upp á stuttum fyrirlesturum, einstaklings- og hópverkefnum og verklegum æfingum.

**Lengd:** 22 klst.

**Kennari:** Hróbjartur Árnason

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Grunnur 21.febr., kl.16:00-19:00, 22.febr. kl. 09.00-16:00 og framhald 21. mars kl. 16:00-19:00, 22.mars, kl.09:00-16:00

**Verð:** 55.000 kr.

## Námskeið um fíknisjúkdóma, íhlutun/inngríp og meðvirkni

Námskeið fyrir stjórnendur, millistjórnendur og heilbrigðisstarfsmenn. Markmið námskeiðsins er að fræða þátttakendur um fíknisjúkdóma og færa þeim grunnþekkingu á helstu einkennum vímuefnaneyslu. Íhlutun/inngríp er sú nálgun að unnið er með sjáanleg einkenni í hegðun, framkomu og frammistöðu einstaklingsins. Farið er í viðtalstækni til þess að fá einstaklinginn sem best til samvinnu.

**Lengd:** 8 klst.

**Kennari:** Jóna Margrét Ólafsdóttir

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudagur 27. feb., kl. 09:00-17:00

**Verð:** 24.000 kr.

## Fyrirmynd í námi



Árið 2013 tilnefndi SÍMEY Dusönku Kotaras sem fyrirmynd í námi fullorðinna. Frá árinu 2006 hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) veitt verðlaun þeim einstaklingum sem hafa sýnt góðan námsárangur, frumkvæði og kjark og þar að auki náð að

yfirstíga ýmis konar hindranir í sínu námi eins og t.d. námserfiðleika.

Dusanka Kotaras kom til Íslands sem flóttamaður frá fyrrum Júgóslavíu í mars 2003. Hún hafði þá dvalið með fjölskyldu sinni, manni og tveimur dætrum í flóttamannabúðum í 7 ár. Hún kom til Akureyrar þar sem tekið var vel á móti þeim og er stuðningsfjölskyldan þeim nú sem önnur fjölskylda.

Dusanka hafði lokið fjögurra ára matreiðslunámi í sínu heimalandi og unnið við sitt fag í nokkur ár, bæði á hótelum og á sjúkrahúsi áður en hún kom hingað til lands. Í stríðinu sem geisaði á Balkanskaganum var skólinn sprengdur upp með þeim afleiðingum að öll gögn glötuðust og það sama gildir um hennar persónulegu gögn s.s. upplýsingar um fyrri störf og vegabréf.

Í návist Dusönku skynjar maður fljótt kraft og æðruleysi hennar sem sýnir sig í því að Dusanka var farin að vinna við matreiðslu strax í september sama ár og hún kom. Hún fékk vinnu sem matráður í Giljaskóla, þar sem hún starfar enn við góðan orðstýr. Hún segir að það hafi hjálpað mikið að hún bauð nokkrum Íslendingum í mat og þeir hefðu lofað svo matinn hennar að hún fékk barasta vinnu. Þó að Dusanka hafi

fengið vinnu á sínu sviði fannst henni verra að geta ekki sýnt fram á menntun sína. Árið 2010 fór hún í viðtal hjá SÍMEY af því að hana langaði að vita hvaða leið hún þyrfti að fara til að ljúka sveinsprófi í matvælagreinum. Þá vildi svo vel til að á þessum tíma var að hefjast raunfærnimat fyrir matartækna. Dusanka fékk margar einingar metnar en þyrfti að taka nokkur fög til að ljúka náminu. Dusanka skráði sig í nám, var tvö kvöld í viku í SÍMEY og um helgar í VMA auk þess að vera í tveimur störfum. Námið var mjög krefjandi að hennar sögn sökum tímaskorts auk þess finnst henni ennþá töluvert erfitt að skrifa á íslensku. Andrúmsloftið í náminu var dásamlegt, hún hljóp á milli til að ná í tímana og gerði allt til að mæta. Hún kynntist góðu fólki í gegnum námið sem hún hittir reglulega, fer á kaffihús og fleira. Léttleikinn fleytti henni yfir erfiðasta hjallann og hún ákvað bara að gera grín að sjálfri sér þegar svo bar undir.

Til þess að gera langa sögu stutta útskrifaðist Dusanka sem matartæknir haustið 2012 og kláraði nám í Skrifstofuskólanum hjá SÍMEY vorið 2013. Hún er ákveðin í að klára sveinspróf frá Menntaskólanum í Kópavogi.

Aðspurð hverju það hafi breytt fyrir hana að ljúka þessu námi segir hún að sjálfstraustið hafi aukist, hún sé öruggari með sig í vinnunni og stolt af sjálfri sér að hafa klárað. Hún var alltaf ákveðin í að mennta sig hér á landi af því hana langaði til að geta tjáð sig við fólk og segja frá því sem hún hefur upplifað. Það skiptir svo miklu máli að hafa rödd og getað tjáð sig um það sem brennur á manni. Starfsfólk SÍMEY óskar Dusönku til hamingju með þessa tilnefningu og óskar henni alls besta í komandi verkefnum.



## Að takast á við einstaklinga í erfiðum aðstæðum; jákvæð samskipti og samtalsækni

Markmið námskeiðsins er að styrkja einstaklinga í starfi sínu og efla mannauð stofnana og fyrirtækja. Einnig er markmiðið að styrkja bæði starfsfólk og stjórnendur í starfi sínu með þekkingu sem þessari og færa þeim verkfæri sem hægt er að nota þegar viðkomandi stendur frammi fyrir að vinna með samstarfsfólki eða viðskiptavinum/skjólstæðingum sem eru í erfiðum aðstæðum og stuðla að jákvæðari samskiptum. Einnig getur námsefnið nýst einstaklingum í einkalífi sem og leik.

**Lengd:** 8 klst.

**Kennari:** Jóna Margrét Ólafsdóttir

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudagur 28. feb., kl. 09:00-17:00

**Verð:** 24.000 kr.

## HELP- Nýjung í enskukennslu fyrir lesblinda

Námskeið í ensku fyrir einstaklinga sem eru með einhverskonar lestrar- og skriftarörðugleika. Kennslugögnin eru bæði hefðbundin, líkt og lesbækur, vinnubækur og glósubækur en einnig óhefðbundin eins og töfluspjöld. Mikið er lagt upp úr myndrænum tengslum við hvern bókstaf og að sama skapi ákveðin hljóð sem síðan fá frekari merkingu með notkun ákveðinna handahreyfinga. Það er einmitt þessi ólíka skynjun sem gerir það að verkum að nemandi öðlast færni í að muna og tengja. Þessi nýja og fjölþætta nálgun hefur sýnt fram á ótvíræðan árangur þeirra sem tekið hafa þátt.

**Lengd:** 20 klst.

**Kennari:** Herdís Ívarsdóttir

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Mánudagur 3. mars til 5. maí kl.18:00-20:00

**Verð:** 39.000 kr.

## Skrautskrift og tertuskreytingar

Á námskeiðinu eru kennd grunnatriði í skrautskrift, hvernig textar eru settir upp og hvernig má skreyta þá. Einnig verður farið í hvernig skrifa má á tertur og skreyta. Nemendur fá kennslugögn og skrautskriftarpenna.

**Lengd:** 10 klst.

**Kennari:** Rúna Kristín Sigurðardóttir

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** 1.- 2. mars, kl.10:00-15:00

**Verð:** 18.000 kr.

## SketchUp

Þetta námskeið er ætlað öllum sem vilja rissa upp teikningar og setja upp í þrívídd. Teikniforritið SketchUp er ótrúlega einfalt í notkun og allir geta nálgast það ókeypis á netinu. Markmið námskeiðsins er að kenna þátttakendum undirstöðuatriði í notkun forritsins, helstu skipanir og aðgerðir. Á námskeiðinu eru unnin þrjú einföld verkefni sem gefa góða mynd af notkun forritsins.

**Lengd:** 6 klst.

**Kennari:** Auglýst síðar

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudagur 6. mars, kl. 14:00-20:00

**Verð:** 20.000 kr.

*Félagar IDUNNAR 4.000 kr.*

## Hráfæði

Á námskeiðinu er fjallað um hvernig hægt er að nota mataræði, jurtir og bætiefni til að auka lífsgæðin án þess að umbylta daglegum venjum. Bent á lítil atriði sem skipta máli við að gera líkamann basískari en því basískari sem hann er því heilbrigðari er hann. Sýnt er hvernig hægt er að skipta út hráefni í matargerð og meðhöndla það til að fá meiri hollustu út úr fæðunni. Útbúnir næringarríkir réttir og drykkir á einfaldan og fljótlegan hátt sem henta vel í nútímasamfélagi.

**Lengd:** 3 klst.

**Kennari:** Kristín Kolbeinsdóttir

**Hvar:** Silva hráfæði, Syðra-Laugalandi

**Hvenær:** Miðvikudagur 19. mars, kl. 13:00-16:00

**Verð:** 11.500 kr.

## Norska fyrir heilbrigðisstarfsfólk

Á námskeiðinu verður lögð áhersla á talað mál í daglegu lífi með áherslu á orðaforða sem tengist heilbrigðisstéttum. Einnig verður farið í grunn málfræðinnar og ýmsar netsíður sem nemendur geta nýtt sér til sjálfsnáms verða kynntar. Lögð verður áhersla á að þátttakendur geti lesið sér til skilnings og kynnist landi og þjóð. Námskeiðið verður sniðið að þörfum heilbrigðisstarfsfólks sem hyggur á vinnu í Noregi og geta þátttakendur á námskeiðinu einnig komið með óskir um umræðuefni og efnispætti.

**Lengd:** 16 klst.

**Kennari:** Bryndís Inda Stefánsdóttir

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudagar og fimmtudagar frá 18. mars til 10. apríl frá kl.17:00-19:00

**Verð:** 29.500 kr.

## Heimili og hönnun

Farið er í grunnatriði hönnunar innan heimilisins eins og uppröðun húsgagna, hvernig hengja á upp myndir, litaskema, o.s.frv. Einnig verður farið í hvernig gera megi upp gömul húsgögn með tilliti til efnis og forms hlutarins. Facebookgrúbbu verður stofnuð þar sem þátttakendur geta sett inn myndir, fengið ráðgjöf og deilt hugmyndum eftir námskeiðið.

**Lengd:** 3 klst.

**Kennari:** Emilía Borgþórsdóttir

**Hvar:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudagur 20. mars, kl. 19:30-22:30

**Verð:** 8.900 kr.

## Petta var eins og gott kaffispjall



Jóhann Hólmar Þórsson er 42 ára giftur, þriggja barna faðir, sem á tvo afastráka. Í ársbyrjun 2013 tók hann ákvörðun um að fara í gegnum raunfærnimat í stálsmíði og málmsuðu en hann hefur starfað við járnsmíði í 26 ár og starfar í dag hjá Ferro Zink, Sandblæstri og málmhúðun.

### Af hverju fórstu í raunfærnimat?

Fyrst og fremst til að fá staðfestingu á því sem ég kann og eins að afla mér réttinda en ég hef starfað við járnsmíði frá því ég var 17 ára gamall. Ég var búinn að hugsa um þetta í mörg ár en hafði mig aldrei í þetta. Ég kom á kynningarfund um raunfærnimat í SÍMEY í janúar 2013 og þá kviknaði vonarneisti um að þetta væri eitthvað sem gæti hentaði mér. Ég skrifaði mig á lista til að fá frekari upplýsingar um raunfærnimatsferlið en um leið vonaði ég að þetta mundi daga uppi því ég var viss um að ég gæti þetta ekki. Skólaganga mín var erfið og hef ég verið afhuga námi síðan. Þessir fortíðardraugar eru erfiðir og koma alltaf upp annað slagid þegar kemur að námi. Á þessum tímamarki heyrði ég þá segja: „Hólmar þú átt aldrei eftir að geta þetta“.

Ég fór í viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa í SÍMEY og má segja að hann hafi tekið mig upp á sína arma og stutt mig í gegnum allt ferlið. Ég fékk aðstoð með færnimöppuna þar sem ég hef ekki mikla tölvukunnáttu, en ég hefði ekki klárað þetta ferli ef ég hefði þurft að skrá allar þessar upplýsingar inn í tölvuna sjálfur.

Starfsfólk SÍMEY er frábært og mér fannst ég vera að tala við jafningja auk þess sem það var alltaf til staðar að aðstoða mig þegar á reyndi.

### Hvernig fannst þér að fara í gegnum raunfærnimatsferlið?

Þetta var ekkert mál þegar á hólminn var komið. Matsviðtölin voru eins og gott kaffispjall með góðum vinum. Matsaðilarnir

Bragi, Kristján og Gústaf eru snillingar og það að hafa náms- og starfsráðgjafa með sér til halds og traust gerði gæfumuninn. Ég var stressaður fyrstu mínúturnar en svo fann maður hvað viðmótið var gott. Það var mjög vel staðið að verklega hlutanum í málmsuðunni og mér gekk mjög vel í þeim hluta. Ég fór fyrst í gegnum raunfærnimat í stálsmíði og fékk 48 einingar metnar, síðan fór ég í gegnum raunfærnimat í málmsuðu og fékk 44 einingar og lauk svo málmsuðunni. Eftir raunfærnimatið fór ég í Verkmenntaskólann á Akureyri og lauk þeim áföngum sem eftir stóðu og útskrifaðist sem löggiltur málmsuðumaður um jólin.

### Hvaða áhrif hafði það á þig að fara í gegnum raunfærnimat?

Þessi góða útkoma úr raunfærnimatsferlinu hefur aukið sjálfstraust mitt til muna og má segja að ég hafi ekki haft neina trú á sjálfum mér fyrr en ég fór í gegnum raunfærnimatsferlið í SÍMEY. Mér finnst ég alltaf vera að fá fleiri tækifæri og mér finnst staða mín á vinnumarkaðnum vera mun sterkari. Eins og staðan er í dag á vinnumarkaðnum er verið kalla eftir fólki með réttindi. Ég stend vinnufélögum mínum jafnfætis þrátt fyrir að hafa ekki farið þessa hefðbundnu leið í námi. Það er stór áfangi að fá viðurkennt það sem maður hefur lært í gegnum starf sitt. Ég hefði ekki trúað því að ég ætti eftir að halda ræðu við útskrift nemenda í SÍMEY líkt og ég gerði fyrir jólin. Þetta fer í reynslubankann eins og margt annað og ég er með mörg járn í eldinum.

Fjölskyldan er mjög stolt af mér og vinnuveitandi minn hefur sýnt mér fullan skilning og stuðning í gegnum ferlið.

### Eitthvað að lokum sem þú vilt segja við aðra sem langar að fara í raunfærnimat og þora ekki að stíga skrefið?

Látið vaða á þetta, almennt viðmót gagnvart fólki sem fer í raunfærnimat er mjög gott, fólk þarf ekkert að óttast, maður mætir skilningi á öllum erfiðleikum sem bjáta á. Fortíðardraugarnir hverfa og maður fær aukið sjálfstraust.

# Akureyri

## RAUNFÆRNIMAT Í IÐNGREINUM

Býrð þú yfir áralangri reynslu  
og umtalsverðri færni í  
ákveðinni iðngrein?

Húsasmíði, bifvélavirkjun málmsmíði, málverk, múrverk, pípulagnir, matreiðsla,  
vélvirkjun, vélstjórn og aðrir þeir sem hafa reynslu úr einhverri iðngrein!

Kynningarfundur vegna raunfærnimats verður hjá SÍMEY **fimmtudaginn 20. febrúar.**  
kl.17:00. Raunfærnimat er fyrir einstaklinga sem eru 25 ára og eldri og hafa unnið í sínu  
fagi í 5 ár eða lengur. Raunfærnimat hjálpar einstaklingum að ljúka námi sínu og að fá  
stöðu sína metna. Allir eru velkomnir á kynningarfundinn

Skráning í síma 460-5720 eða á [simey@simey.is](mailto:simey@simey.is)



IDAN  
fræðslusetur



## Sykurmassanámskeið

Á námskeiðinu er farið yfir helstu áhöld og hráefni sem notuð eru við gerð sykurmassakreytinga og hvernig best er að vinna með sykurmassann. Leiðbeinandi býr til sykurmassa og setur á köku til að sýna réttu handtökin. Þátttakendur fá þá að gera sykurmassa auk þess sem hver og einn fær litla köku til að þekja með sykurmassa og skreyta.

**Lengd:** 4 klst.

**Kennari:** Hildur Halldórsdóttir

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudagur 27. mars, kl. 17:00-21:00

**Verð:** 10.500 kr.

## BIM fyrir byggingarmenn

Þetta námskeið er ætlað þeim iðnaðarmönnum sem starfa við eða ætla sér að starfa við byggingaframkvæmdir. BIM (Building Information Modeling) er ný aðferðafræði við hönnun mannvirkja þar sem hönnuðir setja upp rafrænt, þrívítt líkan af mannvirkjum. Byggingahlutar eru tengdir saman og upplýsingar um efni, áferð, magn og fleiri atriði eru síðan tengdar við þá.

**Lengd:** 11 klst.

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Föstudagur 21. mars kl. 13:00-17:00 og laugardagur 22. mars kl. 09:00-16:00.

**Verð:** 25.000 kr.

*Félagar IÐUNNAR greiða lægra verð*

## IPAD – til gagns og gamans

Á námskeiðinu verður farið yfir iPadinn, virkni takka og hnappa, helstu stillingar og aðgerðir. Einnig verður nýja IOS7 stýrikerfið aðeins skoðað. Þátttakendur koma með sinn eigin iPad.

**Lengd:** 6 klst.

**Kennari:** Vilberg Helgason

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudagur 29. apríl og 6. maí, kl. 17:00-21:00

**Verð:** 11.500 kr.

## Náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum

Viltu ráðleggingar sérþjálfaðra ráðgjafa við val á námsleiðum? SÍMEY býður upp á náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum, starfsmönnum og fyrirtækjum að kostnaðarlausu.

### Markmið:

Hvetja starfsmenn til virkrar símenntunar  
Skoða möguleika á færniþróun í starfi eða einkalífi  
Veita einstaklingsmiðaða aðstoð við val á námsleiðum  
Skoða möguleika á styrkumsóknum  
Veita aðstoð við að setja sér markmið í námi og starfi

Með því að fá náms- og starfsráðgjafa í heimsókn á vinnustað geta fyrirtæki stuðlað að frekari símenntun starfsmanna, aukinni starfsánægju og árangursríkari starfsþróun.

Frekari upplýsingar á heimasíðunni [www.simey.is](http://www.simey.is) og í síma 4605720.

## AutoCAD Electrical 2014 Essentials - grunnur

Fyrir nýja notendur sem þurfa undirstöðupjálfun í AutoCAD Electrical. Allar æfingar og hjálpargögn byggja á IEC. Á þessu úrvalsgóða námskeiði læra nemendur að þekkja þau fjölmörgu tæki og tól sem AutoCAD Electrical býður upp á við gerð stýrikerfisteikninga og uppsetninga.

**Lengd:** 31,5 klst.

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** 5.-7. maí kl. 08:30-19:00

**Verð:** 90.500 kr.

Félagsmenn IÐUNNAR greiða 40.000 kr.

## Norska – framhald

Markmiðið með námskeiðinu er að auka færni þátttakenda í að skilja mælt mál, tala norsku og auka orðaforða. Rit- og talmálið sem kennt er á er bókmál en einnig kynnast nemendur aðeins textum sem skrifaðir eru á nýnorsku og hlusta á mismunandi mállýskur. Áhersla er lögð á að kynnast landi og þjóð og að læra á og nýta sér fjölmörg verkfæri á netinu sem gagnast í tungumálanáminu og til sjálfsnáms eftir að námskeiðinu lýkur.

**Lengd:** 16 klst.

**Kennari:** Bryndís Inda Stefánsdóttir

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudagar og fimmtudagar frá 29. apríl til 27. maí frá kl. 17:00-19:00

**Verð:** 29.500 kr.

## Fornám í forritun í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann

Fornám í forritun gerir þátttakendum kleift að meta hvort þeir hafi áhuga á að stunda frekara nám í forritun. Farið verður yfir helstu hugtök sem notuð eru í tölvuheiminum, uppbyggingu mismunandi talnakerfa og Windows og önnur helstu stýrikerfi. Kennur er verslunarreikningur og grunnkennsla í Java forritun. Nemendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri og hafa lokið að minnsta kosti tveimur árum í framhaldsskóla.

**Lengd:** 72 klst.

**Helstu námsþættir:** Almennt um tölvur, hugtök og stýrikerfi, stærðfræði og Java forritun

**Kennarar:** Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudagar og fimmtudagar frá 3. maí til 14. júní, kl. 18:00-22:00 og á laugardögum kl. 09:00-13:00.

**Verð:** 149.000 kr.

## Markviss þarfagreining

Markviss er aðferðafræði þar sem megin áhersla í fyrirtækingu er lögð á að stjórnendur og aðrir starfsmenn vinni saman að þeirri uppbyggingu sem þörf er á. Markviss býður upp á einföld verkfæri sem fyrirtækin geta notað og sniðið að eigin þörfum. Með aðferðafræði Markviss er gengið úr skugga um að starfsmannastefna fyrirtækisins sé í takt við aðra þróun þess. Fjölmörg fyrirtæki bæði hér svæðinu og á Íslandi hafa náð góðum árangri í uppbyggingu fræðslumála með Markviss. Fjölmargir endurmenntunarsjóðir hafa styrkt ráðgjöfina. Fyrsta skrefið er að bóka stutta ókeypis kynningu frá okkur. *Sími 4605720 eða [simey@simey.is](mailto:simey@simey.is)*

## Inventor 2014

Á námskeiðinu lærir þú að vinna með „skynsöm módel“ (Intelligent Models). Námskeiðið er fyrir alla sem vinna með Inventor, óháð því hvað verið er að hanna. Allir sem hafa þörf fyrir að vinna með nákvæm og flókin módel hafa gagn af námskeiðinu. Unnið er með módel sem hafa bæði skírskotun til málma, plasts og timburs. Einnig verður unnið með þunnplötu (Sheet Metal og Frame Generator). Unnið verður með yfirborðsmódel, 3D sketch og Solids – allt er tengt, frá einfaldri línu að síðasta boltagati. Farið verður í samsetningar röra, plötuefni og grindarhönnun.

**Lengd:** 16 klst.

**Kennari:** Auglýst síðar

**Hvar:** SÍMEY, Þórsstíg 4

**Hvenær:** 8. og 9. maí, kl. 08:30-17:00

**Verð:** 90.500 kr.

Félagar innan IÐUNNAR 40.000 kr.



## Mennt er máttur

Menntun þekking og reynsla starfsfólks er áhrifvaldur á gæði og framfarir í þjónustu Öldrunarheimila Akureyrar. Hjá okkur starfa um 300 manns með mismunandi bakgrunn og boðið er upp á reglubundna símenntun innanhús. Árið 2011 hófst samstarf við SÍMEY með Markviss verkefni. Þar var gerð þarfagreining á fræðsluþörf starfsmanna og í framhaldinu gerð fræðsluáætlun til 2ja ára. Þarfagreiningin var endurtekin í júní 2013, verkefnið metið og gerð ný fræðsluáætlun. SÍMEY hefur séð um og annast utanumhald fræðsluáætlunarinnar. Allt samtarf við SÍMEY hefur verið með ágætum og einkennst af fagmennsku og lipurð. Þar sem farið er fram á stöðuga gæðþróun þarf að vera öflug símenntun og það kann SÍMEY.

Helga Guðrún Erlingsdóttir, hjúkrunarforstjóri Öldrunarheimila Akureyrar



# Styrkur þinn til náms

Sveitamennt styrkir starfsmenntun innan sveitafélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni

Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna

Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar



Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401 • [www.sveitamennt.is](http://www.sveitamennt.is) • [sveitamennt@sveitamennt.is](mailto:sveitamennt@sveitamennt.is)

## Raunfærnimat í skrifstofugreinum

Hefur þú starfsreynslu úr skrifstofustörfum, tölvuvinnslu 5 ár eða meira? Lágmarksaldur er 25 ár. Pantaðu viðtal við náms- og starfsráðgjafa í SÍMEY þér að kostnaðarlausu og kynntu þér málið, í síma 460-5720 eða á [www.simey.is](http://www.simey.is). Skráningu lýkur 1.apríl.

Í þessu raunfærnimati er lagt mat á reynslu og þekkingu í samanburði við námsskrá Skrifstofubrautar sem er kennd í Menntaskólanum í Kópavogi. Það nám er bæði í boði í staðnámi eða fjarnámi.

Raunfærnimat gengur út á að kortleggja færni sína og auka möguleika til að bæta við sig í námi og annarri uppbyggingu.

Skrifstofubraut I er mjög hagnýtt tveggja anna nám. Meginmarkmið þess er að veita nemendum víðtæka en almenna þekkingu í þeim greinum sem nýtast best við fjölbreytt störf á skrifstofu og vera færir um að takast á við fjölbætt og krefjandi verkefni sem einkenna nútímastarfsumhverfi.

Þær greinar sem eru m.a. til mats eru: Bókfærsla, íslenska, enska, skrifstofufærni, tölvur o.fl. Raunfærnimatið kemur til styttingar á náminu og um er að ræða áfanga á framhaldsskólastigi sem þátttakandi fær vottað að hann hafi lokið.

Hægt er kynna sér námið á heimasíðu Menntaskólans í Kópavogi, [www.mk.is](http://www.mk.is)



## Stutt starfstengd námskeið í boði fyrir fyrirtæki

**Hópefli** (60 mín)

**Einelti / áreitni á vinnustað** (90 mín)

**Tímastjórnun** (60 mín)

**Að sigra tölvupóstinn** (120 mín)

**Móttaka nýliða** (90 mín)

**Vinnuumhverfi-heilsa-lífstíll** (60 mín)

**Eflum starfsánægju og jákvæðni á vinnustaðnum** (90 mín)

**Fordómafræðsla** (90 mín)

**Að takast á við breytingar** (90 mín)

**Ávinningur af stefnumótun** (60 mín)

**Að ná árangri með valddreifingu** (60 mín)

**Réttur maður á réttum stað! Hver erum við sem vinnustaður?** (90 mín)

**Áhugahvetjandi samtalstækni** (60 mín)

**Hvatningarstjórnun** (60 mín)

Þitt fyrirtæki/stofnun getur pantað eitthvað af þessum námskeiðum/fyrirlestrum og það verður aðlagð að vinnustaðnum. Staður og tímasetning er fundin í samkomulagi við aðila.

Við bjóðum upp á sérsniðin námskeið, fyrirlestra, ráðgjöf og þarfagreiningar í þeim tilgangi að efla fyrirtækin og starfsmenn þeirra.

Hafið samband í síma 4605720 eða með tölvupósti á netfangið **simey@simey.is**



# FÁÐU FRÉTTIRNAR BEINT Í ÆÐ!

Kíktu á vef Einingar-löju, [www.ein.is](http://www.ein.is), og skráðu þig á póstlista félagsins.

**www.ein.is** - lífandi vefur þar sem þú finnur m.a.

- Fréttir
- Félagavefinn
- Upplýsingar
- Kjarasamninga
- Kauptaxta
- Lög og reglugerðir
- Og margt fleira



Skannaðu kóðann og  
kíktu á [www.ein.is](http://www.ein.is)!

## EINING-IÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍN!

Eining-löja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni!

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð

460 3600 / [ein@ein.is](mailto:ein@ein.is) / [www.ein.is](http://www.ein.is)



## Fjölmennt

Fjölmennt er fullorðinsfræðsla fyrir fatlaða 20 ára og eldri.

Tímasetningar námskeiða verða ákveðnar þegar næg þátttaka hefur fengist.



### Heimilisfræði

#### Hagnýtt heimilishald

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 8 vikur, eða eftir samkomulagi.

**Verð: 14.400 kr.**

#### Hollir og góðir réttir

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 5 eða 8 vikur.

**Verð: 14.800 kr. fyrir 5 vikur og 19.800 kr fyrir 8 vikur.**

### Íþróttir og sund

#### Keila I og II

Kennt er einu sinni í viku, 1,5 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 7 vikur.

**Verð: 10.000 kr.**

#### Dans I og II

Kennt er einu sinni í viku, 1,5 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 7 vikur.

**Verð: 10.000 kr.**

#### Líkamsrækt og hollt fæði

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 10 vikur.

**Verð: 16.000 kr.** að viðbættum kostnaði við líkamsræktarkort meðan á námskeiðinu stendur.

### Íþróttir og sund

#### Jóga

Kennt er einu sinni í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 8 vikur.

**Verð: 12.000 kr.**

#### Velliðan í vatni

Kennt er einu sinni í viku, 45 mín - 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 12 vikur.

**Verð: 15.000 kr.**

### Tónlist og tjáning

#### Tónlist

Kennt er einu sinni í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

**Verð: 8.000 kr.**

#### Leiklist

Kennt er tvisvar í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 10 vikur.

**Verð: 8.000 kr.**

## Mynd-og handlist

### Keramikmálun

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

**Verð: 16.800 kr.**

### Textílhönnun

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

**Verð: 14.800 kr.**

### Mósaík

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

**Verð: 16.800 kr.**

### Myndlist

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

**Verð: 16.800 kr.**

### Leikfangasmíð

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

**Verð: 12.800 kr.**

### Prjón og hekl

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

**Verð: 12.800 kr.**

### Þæfing

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

**Verð: 12.800 kr.**

## Mynd-og handlist

### Prjón og hekl

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

**Verð: 12.800 kr.**

### Þæfing

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

**Verð: 12.800 kr.**

## Tölvu-og upplýsingatækni

### Internet/Facebook/Youtube

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur.

**Verð: 8.000 kr.**

### Stafræn myndvinnsla I og II

Kennt er tvisvar í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur.

**Verð: 14.400 kr.**

### Tölvur á myndrænum nótum

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur.

**Verð: 8.000 kr.**

### Tölvuleikir

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur.

**Verð: 8.000 kr.**

### Ipad námskeið

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur.

**Verð: 8.000 kr.**

## Ýmis námskeið

### Förðunarnámskeið

Kennt er einu sinni í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

**Verð: 10.000 kr.**

### Ökunám – fræðilegur hluti

Kennt er einu sinni í viku, 1 klukkustund í senn.

### Nám með stuðningi

Nemendur geta stundað nám við almenna menntastofnun með stuðningi og eftirfylgd starfsfólks Fjölmenntar.

### Réttindi og skyldur

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur.

**Verð: 9.000 kr.**

## Mál og samfélag

### Stærðfræði í daglegu lífi

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 5 vikur.

**Verð: 9.000 kr.**

### Lestur

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 5 vikur.

**Verð: 9.000 kr.**

### Enska I og II

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

**Verð: 10.800 kr.**

### Ipad sem boðskiptatæki

Kennt er einu sinni í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.


**Verð: 13.000 kr.**

### Rofar og umhverfisstjórnun

Kennt er einu sinni í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

**Verð: 13.000 kr.**

Hægt er að sækja um rafrænt á vefnum, [www.fjolmennt.is](http://www.fjolmennt.is) eða senda póst á netfangið [arnthrudur@simey.is](mailto:arnthrudur@simey.is). Einnig er hægt að hafa samband í síma 460-5719.



# FJÖLMENNT

FULLORÐINSFRÆÐSLA FATLAÐRA





Ert þú að hugsa um  
að fara í **nám**?

Hefur þú verið á  
**námskeiði** nýlega?

- Samkvæmt nýjum reglum SVS er nú hægt að fá endurgreitt 75% af námskostnaði. Styrkupp hæðin getur numið allt að 90.000 kr. á ári.
- Markmið með nýjum reglum SVS er að hvetja félagsmenn til aukinnar þátttöku í símenntun.

Kynntu þér nýjar reglur SVS á [www.starfsmennt.is](http://www.starfsmennt.is) eða hjá þínu stéttarfélagi.

\*Að uppfylltum skilyrðum styrkveitingar



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Félag verlunar- og  
skrifstofufólks Akureyri



STARFSMENNTASJÓÐUR  
VERLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS

Að Starfsmenntasjóði verlunar- og skrifstofufólks standa SA, VR og LÍV.